

STARFSLEYFI

fyrir urðunarstað Þórshafnarhrepps við Álfasundsás

Gefið út af Hollustuvernd ríkisins í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

1. ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir meðhöndlun allt að 500 tonnum á ári á neyslu- og rekstrarúrgangi á urðunarstað Þórshafnarhrepps við Álfasundsás. Þórshafnarhreppur er hér eftir nefndur rekstraraðili. Starfsleyfið gildir eingöngu fyrir meðhöndlun úrgangs frá Þórshafnarhreppi og nánasta umhverfi.
- 1.2 Fara skal þannig með allan úrgang til endurvinnslu, flutnings, förgunar eða annarar meðferðar að tryggt sé að hann valdi hvergi ónæði eða óþrifnaði.
- 1.3 Berist á starfstímanum óeðlilega mikil mengun frá starfsemi urðunarstaðarins út í umhverfið, sér rekstraraðili um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.
- 1.4 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5 Verktakar sem annast verk fyrir rekstraraðila við meðhöndlun úrgangs skulu hafa tilskilin leyfi.
- 1.6 Rekstraraðili skal, í samræmi við stefnu stjórnvalda um minnkun úrgangs til förgunar og sérstaklega ákvæða reglugerðar nr. 609/1996 um endurnýtingu umbúðaúrgangs og 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang, leggja fram áætlun um hvernig staðið verður að þessum markmiðum. Áætlun þessi skal birt ekki síðar en ári eftir útgáfu starfsleyfis þessa.
- 1.7 Einu sinni á starfsleyfistímabilinu boðar Hollustuvernd ríkisins fulltrúa rekstraraðila og Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra á samráðsfund, og þá í lok hans til að undirbúa endurnýjun starfsleyfis. Hollustuvernd ríkisins getur þó boðið oftari til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um rekstur urðunarstaðarins, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

1.8 Rekstraraðili skal skrá og senda, fyrir 1. mars ár hvert, eftirfarandi í samanteknu formi fyrir hvert almanaksár til Hollustuverndar ríkisins og Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra:

- sýnatökur og mælingar á mengunarefnum
- niðurstöður mælinganna
- magn og tegundir úrgangs sem berast urðunarstaðnum
- magn og tegundir úrgangs sem fara til endurnýtingar/endurvinnslu
- magn og tegundir úrgangs sem fargað er á annan hátt ef um það er að ræða

Upplýsingar þessar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er.

1.9 Verði vart við hrafna eða meindýr á borð við rottur eða vargfugla, skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila.

1.10 Með frágang urðunarsvæðis, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi á urðunarstaðnum lýkur, skal fara samkvæmt ákvæðum reglugerðar 786/1999 um mengunaryarnaefirlit, eða annarra laga og reglugerða, þegar það á við, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins. Skipulag frágangs og landnotkun skal vera með þeim hætti að endanlegur frágangur falli sem best að núverandi landslagi. Áætlun um endanlegan frágang og landnotkun eftir lokun urðunarsvæðisins skal liggja fyrir ekki seinna en ári áður en starfsemi lýkur.

1.11 Rekstraraðili setji sér umhverfismarkmið og starfi samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 321/1996, eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

2. ÚRGANGSEFNI TIL ENDURNÝTINGAR

2.1 Í samræmi við stefnu stjórnvalda um aukna endurnýtingu úrgangsefna skal rekstraraðili tryggja það að úrgangsefni fari í viðeigandi endurnýtingarfarveg ef kostur er. Undir endurvinnanlegan úrgang fellur t.d. lífrænn úrgangur, svo sem matarleifar og sláturhúsaúrgangur, timbur, pappír og pappi, plast, brotamálmur, spilliefni og hættuleg efni. Rekstraraðili skal upplýsa almenning, fyrirtæki og stofnanir um möguleika á endurnýtingu og endurvinnslu úrgangsefna, þ.m.t. spilliefni og hættuleg efni samkvæmt reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

2.2 Óheimilt er að blanda spilliefnum saman við annan úrgang og er urðun þeirra óheimil. Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til urðunar. Í því skyni skal rekstraraðili kanna reglulega úrgangsfarma sem berast urðunarstaðnum. Honum er heimilt að krefja úrgangshafa um að leggja fram gögn til staðfestingar á því að

spilliefni séu ekki meðal þess úrgangs sem hann óskar eftir að verði urðaður. Meðferð á spilliefnum krefst sérstaks starfsleyfis.

3. AÐBÚNAÐUR Á URÐUNARSTAÐ

- 3.1 Allt athafnasvæðið skal vera afgirt með girðingu, sem hindrar umferð manna og skepna. Gott viðhald og eftirlit skal vera með girðingum. Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið. Koma skal í veg fyrir fok á urðunarsvæðinu og nota sérstakar girðingar í því skyni, ef þörf krefur að mati eftirlitsaðila. Rusl sem hefur fokið skal urða á sama stað og annar úrgangur er urðaður. Hlið á girðingu skulu vera læst utan afgreiðslutíma.
- 3.2 Takmarka skal aðgang annarra að svæðinu en rekstrar- og eftirlitsaðila, eða aðila sem heimild hafa frá rekstraraðila til að farga úrgangi á urðunarstaðnum.
Rekstraraðili ber ábyrgð á umgengni í samræmi við ákvæða starfsleyfis þessa þegar um slíkt er að ræða.
Eftirlitsaðilar skulu jafnan tilkynna komu sína til vaktstjóra urðunarstaðarins hverju sinni, eftir því sem kostur er.
- 3.3 Á hverri vinnuvakt á athafnasvæði skal starfa vaktstjóri sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum stöðvarinnar. Vaktstjóri skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi svo og lögum og reglugerðum um hollustuhætti, heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir skulu ávallt tiltæk á vinnustað.
- 3.4 Rekstraraðili skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðilar geta haft samband við ef þörf krefur utan afgreiðslutíma hennar.
- 3.5 Óheimilt er að brenna úrganginn.
- 3.6 Móttaka geislavirks úrgangs og sprengiefna er ávallt óheimil.
- 3.7 Ekki skal vera nema ein urðunarrein í notkun samtímis fyrir hvern úrgangsflokk.
- 3.8 Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunargryfju skal birgður samdægurs.
- 3.9 Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi eða lagi úr sambærilegu efni, minnst 100 sm þykku.
- 3.10 Heimilt er að gera tilraunir á urðunarsvæðinu með frekari meðhöndlun á úrgangi til endurvinnslu, t.d. jarðvegs- og gasmyndunar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

4. MÆLINGAR OG EFTIRLIT

- 4.1 Hollustuvernd ríkisins hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila, í samráði við Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra. Verði gert samkomulag um yfirtöku eftirlits samkvæmt 9. grein í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, flyst það til viðkomandi heilbrigðisnefndar, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.
- 4.2 Kanna skal árlega hvort mengunarefni berast eða hafa borist í umhverfið. Mæla skal lífræn mengunarefni og útvalda þungmálma, í samráði við Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra. Á grundvelli þessarar könnunar skal ákveðið hvort ástæða sé til að grípa til viðeigandi mengunarvarna. Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinganna og fá til þess aðila sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir. Niðurstöður mengunarmælinga skal senda Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra þegar þær liggja fyrir. Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.
- 4.3 Komi upp óhapp eða önnur atvik sem geta haft í för með sér mengun, t.d. bruni, losun spilliefna, mikil gasmyndun eða annað óvenjulegt, ber rekstraraðila að tilkynna eftirlitsaðila um slíkt eins fljótt og unnt er, sbr. gr. 1.3 starfsleyfis þessa.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er í þriðja gjaldskárflokki skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðili skal greiða Hollustuvernd ríkisins gjald samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar vegna útgáfu og kynningar á starfsleyfi þessu.

Rekstraraðili greiðir eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins sem ráðherra setur, skv. 12. gr. laga nr. 7/1998. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við eftirlit. Fyrir eftirlit umfram reglubundið eftirlit, sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar 786/1999, skal greiða tímagjald skv. 1. gr. í gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins fyrir útselda vinnu sérfræðinga stofnarinnar, auk ferðakostnaðar.

6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta öðlast gildi við birtingu og það gildir til tíu ára.

Starfsleyfi þetta er gefið út á Þórshafnarhrepp, kt. 420369-1749, vegna urðunar úrgangs við Álfasundsásí Þórshafnarhreppi.

Bráðabirgðarákvæði.

Innan eins árs frá lögleiðingu urðunartilskipunar 31/1999/EB hér á landi ber rekstraraðila að semja og leggja fyrir Hollustuvernd ríkisins til samþykktar áætlun um breytingar á urðunarstaðnum, þar á meðal upplýsingar sem taka til þeirra atriða sem talin eru upp í 8. gr. tilskipunarinnar og sérhverjar aðgerðir til úrbóta sem rekstraraðili telur nauðsynlegar til þess að uppfylla þær kröfur, sem settar eru fram í tilskipuninni.

Að lokinni kynningu á breytingaráætluninni skal Hollustuvernd ríkisins taka endanlega ákvörðun um það hvort heimild sé að halda rekstri áfram á grundvelli fyrrgreindrar breytingaráætlunar og tilskipunarinnar. Á grundvelli samþykktar breytingaráætlunarinnar skal Hollustuvernd ríkisins heimila þá vinnu sem nauðsynleg er og mæla fyrir um aðlögunartíma til að ljúka framkvæmd áætlunarinnar.

HOLLUSTUVERND RÍKISINS, MENGUNARVARNASVIÐ

Reykjavík, 5. september 2002

Davíð Egilson
Forstjóri

Helgi Jenson
Forstöðumaður mengunarvarnarsviðs